

## Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2018, miðvikudaginn 14. mars kl. 9:09, var haldinn 224. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Kerhólum.

Viðstödd voru: Hjálmar Sveinsson, Magnea Guðmundsdóttir, Torfi Hjartarson, Halldór Halldórsson, Áslaug María Friðriksdóttir og Ingvar Jónsson áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Þorsteinn Hermannsson og Marta Grettisdóttir. Fundarritari var Björgvin Rafn Sigurðarson.

### Þetta gerðist:

#### (D) Ýmis mál

1. **Umhverfis- og skipulagsráð**, breyting á áheyrnarfulltrúum Mál nr. US180040

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 6. mars 2018 vegna tilkynningar Framsóknar og flugvallarvina á fundi forsætisnefndar 2. mars 218 að Ingvar Jónsson taki sæti sem áheyrnarfulltrúi í umhverfis- og skipulagsráði í stað Sævars Þórs Jónssonar. Jafnframt að Aðalsteinn Haukur Sverrisson taki sæti sem varaáheyrnarfulltrúi í ráðinu í stað Guðfinnu Jóhönnu Guðmundsdóttur.

#### (A) Skipulagsmál

2. **Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**, fundargerðir Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur dags. 9. mars 2018.

3. **Hólmsheiði, athafnasvæði**, deiliskipulag, (04.4) Mál nr. SN170467  
lýsing

Lögð eru fram drög að tillögu umhverfis- og skipulagssviðs um nýtt deiliskipulag fyrir Hólmsheiði, athafnasvæði. Skipulagssvæðið er um 59 ha að stærð og liggur að jaðri vatnsverndarsvæðis Höfuðborgarsvæðisins og er í jaðri græna trefilsins. Skipulagstillagan gerir ráð fyrir að skipuleggja athafnasvæði, með fjölbreyttum atvinnulóðum innan svæðis, undir ýmis konar starfsemi sem fellur að markmiðum aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, þ.á.m. lóðum fyrir gagnaver, skv. uppdr. Arkís arkitekta dags. 23. febrúar 2018.

Kl. 9:29 tekur Heiða Björg Hilmisdóttir sæti á fundinum.

Fulltrúar Arkís arkitekta Egill Guðmundsson og Edda Kristín Einarsdóttir kynna.

Kl. 9:58 tekur Sigurborg Ó. Haraldsdóttir sæti á fundinum.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

#### (E) Umhverfis- og samgöngumál

4. **Svifryk**, svifryksmengun vorið 2018. Mál nr. US180046

Farið yfir stöðu mála, hvað er verið að gera og hvað er árangursríkast að gera.

Svava Steinarsdóttir verkefnisstjóri og Hjalti Guðmundsson skrifstofustjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Umhverfis- og skipulagsráðs bókar:

Hin mikla svifryksmengun sem leggst reglulega yfir borgina ógnar heilsu borgarbúa. Ekki er hægt að setta sig við óbreytt ástand. Ljóst er að mikill hluti mengunarinnar kemur frá bílaumferð. Þar munar mest um mikla notkun nagladekkja í borginni og hátt hlutfall díselbifreiða. Götur borgarinnar eru þrífnað reglulega en alltaf er hægt að gera betur. Varanlegur árangur næst þó ekki nema ráðist verði að rót vandans. Ráðið beinir því til umhverfis og skipulagssviðs að koma með tillögum um leiðir til þess.

### (A) Skipulagsmál

5. **Suður Mjódd**, breyting á deiliskipulagi (04.91) Mál nr. SN180140

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Suður Mjóddar. Í breytingunni felst í meginatriðum stækkun á lóðinni við Álfabakka 4, aukning á nýtingu og byggingarmagni ásamt því að hámarkshæð bygginga hækkar o.fl. auk uppfærðra kvaða um settjörn og legu rafstrengja skv. deiliskipulagsuppdrætti Teiknistofunnar Stórð ehf. dags. 2. mars 2018. Einnig er lagður fram skýringaruppdráttur dags. 2. mars 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. **Reitur 1.174.0 Landsbankareitur**, breyting (01.174.0) Mál nr. SN170739  
á deiliskipulagi vegna lóðanna nr. 88A, 90 og  
92A við Hverfisgötu

531006-3210 Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík

710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Brautarholti 6, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 8. febrúar 2018 þar sem gerð er athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda. Einnig er lagður fram uppdráttur dags. 10. október 2017 br. 3. mars 2018 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. mars 2018.

Samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

Margrét Þómar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. **Vesturlandsvegur**, nýtt deiliskipulag Mál nr. SN160742

Lögð eru fram drög að tillögu umhverfis- og skipulagssviðs og Vegagerðarinnar um nýtt deiliskipulag fyrir Vesturlandsveg. Afmörkun fyrirhugaðs deiliskipulags er frá sveitarfélagsmörkum við Mosfellsbæ að afleggjaranum inn í Hvalfjörð. Um er að ræða ca. 14 km kafla og helgunarsvæði hans. Markmið framkvæmda og skipulagsins er að vegurinn verði endurbættur til að auka umferðaröryggi og greiða fyrir umferð. Stefnit er að 2+1 vegi á stærstum hluta deiliskipulagsins og fækkun tenginga við þjóðveginn með gerð hliðarvega. Með skipulaginu þá næst jafnframt yfirlit yfir tengingar fyrir hliðarvegi, stíga og reiðleiðir auk fleiri umferðaröryggismála sem þarf að útfæra í skipulagi, skv. uppdr. Eflu og Landslags dags. 6. mars 2018.

Fulltrúi Eflu Bryndís Friðriksdóttir kynnir.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

### (B) Byggingarmál

8. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa**, fundargerð Mál nr. BN045423

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 965 frá 13. mars 2018.

9. **Dunhagi 18-20**, Ofanábygging - viðbygging- (01.545.113) Mál nr. BN052641  
fjölgun íbúða  
510209-0440 D18 ehf., Borgartúni 24, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. desember 2017 var laagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. desember 2017 þar sem sótt er um leyfi til að byggja inndregna 4. hæð, byggja viðbyggingu við fyrstu hæð og kjallara, minnka og fjölga íbúðum úr 8 í 20, koma fyrir lyftu utan á húsinu og sorpgerði fyrir verslunarrými innan í rými 0106 á lóð nr. 18 - 20 við Dunhaga. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. desember 2017.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16. júní 2017 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2017.

Útskrift úr gerðabók fundar umhverfis- og skipulagsráðs frá 15. nóvember 2017 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. október 2017, (13. nóvember 2017). Erindið var grenndarkynnt frá 22. ágúst 2017 til og með 3. október 2017 fyrir hagsmunaaðilum að Dunhaga 19, 21,23. Fálkagötu 29, Arnargötu 14. Tómasarhagi 28, 32, 34, 36,38, 40, 42,44, 46. Hjarðarhaga 27, 29, 31 og 33. Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir: Ásta Logadóttir, dags. 24. ágúst 2017 og 3. október 2017, Hildur Þórisdóttir, dags. 10. september 2017, Eyþór Mar Halldórsson, dags. 11. september 2017, Ásdís Schram, dags. 18. sept. 2017, Sólveig K. Jónsdóttir f.h. eigendur og íbúa að Hjarðarhaga 27, dags. 27. september 2017, Áslaug Árnadóttir hdl. f.h. Árna Kolbeinssonar, eiganda íbúða á jarðhæð og 1. hæð að Tómasarhaga 34 dags. 2. október 2017 og Einar Ólafsson, dags. 3. október 2017. Einnig er lögð fram leiðrétt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. mars 2018.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. mars 2018 samþykkt.

Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

10. **Lækjargata 12**, Hótel (01.141.203) Mál nr. BN054237  
630169-2919 Íslandshótel hf., Sigtúni 38, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. febrúar 2018 þar sem sótt er um leyfi til að byggja fimm hæða 103 herbergja hótél, endurgerð Vonarstrætis 4 þar sem verða innréttuð 15 herbergi og bílakjallara undir nýbyggingu fyrir 20 bíla á lóð nr. 12 við Lækjargötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. mars 2018.

Gjald kr. 11.000

Björn Skaftason arkitekt kynnrir

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

### (C) Fyrirspurnir

11. **Nýlendugata 14**, (fsp) breyting á (01.131.1) Mál nr. SN170907  
deiliskipulagi  
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. mótt. 8. desember 2018 ásamt greinargerð dags. 8. desember 2017 um breytingu og stækkun á húsinu á lóð nr. 14 við Nýlendugötu. Á efri hæðum hússins verða smáíbúðir til skammtímaleigu (gististaður) og á jarðhæð verður veitingarekstur, verslun og/eða þjónusta, samkvæmt tillögu THG Arkitekta ehf. dags. í nóvember 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2018. Jafnframt er lagt fram minnisblað THG Arkitekta ehf, dags. 13. febrúar 2018 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. mars 2018.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 2. mars 2018.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

12. **SORPA bs.**, fundargerð Mál nr. US130002

Lögð fram fundargerð SORPU bs. nr. 386 frá 7. mars 2018.

13. **Götu- og torgsala, tillaga** Mál nr. US140238  
(USK2015050004)

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhirðu og reksturs dags. 6. mars 2018 ásamt tillögu dags. 6. mars 2018 að breyttri samþykkt um götu og torgsölu í Reykjavík sem samþykkt var í borgarráði 7. desember 2017.

Samþykkt  
Vísað til borgarráðs.

14. **Göngugötur, Sumarið 2018** Mál nr. US180042

Kynntar hugmyndir Umhverfis- og skipulagssviðs varðandi útfærslur þema og skreytingar við göngugötur sumarið 2018.

Kynnt.

Edda Ívarsdóttir verkefnisstjóri og Ólafur Ingibergsson sérfræðingur taka sæti á fundinum undir þessum lið.

15. **Leikborgin, Borg fyrir börn, Bernhöftstorfa** Mál nr. US180043  
og Frakkland

Kynntar hugmyndir umhverfis- og skipulagssviðs að nýjum leiksvæðum í miðborg Reykjavíkur.

Kynnt.

Edda Ívarsdóttir verkefnisstjóri og Ólafur Ingibergsson sérfræðingur taka sæti á fundinum undir þessum lið.

16. **Hlemmur, Hugmyndaleit** Mál nr. US180044

Kynntar tillögur úr hugmyndaleit.

Kynnt.

Edda Ívarsdóttir verkefnisstjóri og Ólafur Ingibergsson sérfræðingur taka sæti á fundinum undir þessum lið.

### (D) Ýmis mál

17. **Reykjavíkurflugvöllur, Flugskýli 1,** Mál nr. SN180179  
undirbúningur friðlýsingar  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 14. febrúar 2018 þar sem erindi Minjastofnunar Íslands dags. 31. janúar 2018 um undirbúning friðlýsingar Flugskýlis 1 á Reykjavíkurflugvelli er vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.

18. **Hávaðamengun vegna flugumferðar, bréf** Mál nr. US170293

Lagt fram bréf Guðrúnar Kristjánsdóttir og Ævars Kjartanssonar dags. 27. ágúst 2017 varðandi hávaðamengun í miðborg Reykjavíkur vegna flugumferðar. Einnig er lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 7. febrúar 2018.

Umhverfis- og skipulagsráðs bókar:

„Umhverfis og skipulagsráð telur mikilvægt að brugðist verði við kvörtunum íbúa vegna aukins hávaða af flugumferð. Það beinir því til flugrekstraraðila að minnka ónæði sem íbúar verða fyrir eins og kostur er. Svo virðist sem það sé einkum hringsól lítilla flugvéla og þyrluflug sem veldur mestu ónæði. Ráðið minnir á að fyrir liggur samningur milli ríkis og borgar frá 25. október 2013 um að innanríkisráðuneytið og Isavia skuli hafa forgöngu um að kennslu- og einkaflugi verði fundinn nýr staður.“

19. **Stefna stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, tillaga til þingsályktunar** Mál nr. US180037

Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 1. mars 2018 þar sem óskað er eftir umsögn um umsagnarbeiðni frá nefndasviði Alþingis frá 26. febrúar 2018 á tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 9. mars 2018.

20. **Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, úttekt á ástandi skólahúsnæðis.** Mál nr. US170250

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Halldór Halldórsson og Herdís Þorvaldsdóttir óska eftir upplýsingum um hvort fram hefur farið óháð úttekt á ástandi skólahúsnæðis Reykjavíkurborgar í ljósi þeirrar stöðu sem komin er upp varðandi myglu í skólahúsnæði í nágrennasveitarfélögum okkar. Einnig er lagt fram svar umhverfis- og skipulagssvið, skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 12. mars 2018.

21. **Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, undirbúningur vegna viðbyggingar við Háteigsskóla og Melaskóla 530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík** Mál nr. US180029

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 8. febrúar 2018 þar sem tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá fundi borgarráðs s.d. um undirbúning vegna viðbyggingar við Háteigsskóla og Melaskóla er vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs. Vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

22. **Fyrirspurn fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, útskot fyrir strætó** Mál nr. US180047

Lögð fram eftirfarandi fyrirspurn fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina: "Er það stefna borgarinnar að hafa ekki útskot fyrir strætó á götum þar sem hámarkshraði er 30 kílómetrar á klukkustund." Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur.

Fleira gerðist ekki.

#### **Fundi slitið kl. 12:35**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Hjálmar Sveinsson

Magnea Guðmundsdóttir  
Torfi Hjartarson  
Halldór Halldórsson

Heiða Björg Hilmisdóttir  
Sigurborg Ósk Haraldsdóttir  
Áslaug María Friðriksdóttir

## Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2018, þriðjudaginn 13. mars kl. 10:20 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 965. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Björgvin Rafn Sigurðarson, Erna Hrönn Geirsdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Olga Hrund Sverrisdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson, Harpa Cilia Ingólfssdóttir og Sigríður Maack Fundarritarar voru Björgvin Rafn Sigurðarson og Erna Hrönn Geirsdóttir.

### Þetta gerðist:

#### Nýjar/br. fasteignir

- Arnarhlíð 2 (Hlíðarendi 1-7)** (01.629.502) 220839 Mál nr. BN054208  
550416-0770 NH eignir ehf., Suðurlandsbraut 4a, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048979, um er að ræða fjölgun á íbúðum og bílastæðum sem verða nú 142, fyrirkomulagi á geymslum breytt og útlit breytist lítils háttar á fjölbýlishúsi á lóð nr. 2 við Arnarhlíð.  
Erindi fylgir brunahönnun frá Eflu dags. í febrúar 2018 og minnisblað hönnuða dags. 5. febrúar 2018.  
Stærðir óbreyttar.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.
- Ármúli 3** (01.261.201) 103506 Mál nr. BN054319  
691206-4750 LF2 ehf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053132, um er að ræða breytingar á innra skipulagi og inngangshurð í anddyri er færð innar í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 3 við Ármúla.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
- Ásvallagata 52** (01.139.014) 100747 Mál nr. BN054303  
620188-1589 Jakobssynir ehf., Gláðheimum 26, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem eru að íbúðarhús stækkar sem nemur svölum á annarri hæð og stækkun bílskúr á lóð nr. 52 við Ásvallagötu.  
Stækkun hús er: 8,6 ferm., XX rúmm.  
Stækkun bílskúr er: 16,00 ferm., XX rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
- Bauganes 33** (01.673.107) 106834 Mál nr. BN054289  
260671-4999 Hulda Steingrimsdóttir, Bauganes 33, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja kvist á bakhlið og stækka kvist á framhlið yfir svalir á húsi á lóð nr. 33 við Bauganes.  
Stækkun: 2,7 ferm., 20,8 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
- Bíldshöfði 4-6** (04.059.303) 110570 Mál nr. BN054323  
701277-0239 Brimborg ehf., Bíldshöfða 6, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að setja upp álguggakerfi á suðurhlið 1. hæðar og byggja vindfang og til að breyta innra skipulagi í sýningarsal Brimborgar á lóð nr. 4-6 við Bíldshöfða.  
Stækkun: 86,8 rúmm.

Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.

6. **Bíldshöfði 14** (04.064.102) 110670 Mál nr. BN054324  
470483-0599 Barki ehf, Pósthólf 335, 202 Kópavogur  
Sótt er um leyfi fyrir teikningum og skráningartöflu vegna eignarskiptasamnings fyrir hús á lóð nr. 14 við Bíldshöfða.  
Stækkun : XX ferm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
7. **Blönduhlíð 23** (01.713.016) 107227 Mál nr. BN054207  
250279-3029 Arnar Þorkell Jóhannsson, Blönduhlíð 23, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta eignarhaldi geymslu 0105 á 1. hæð fjölbýlishúss á lóð nr. 23 við Blönduhlíð.  
Meðfylgjandi er samþykki eigenda íbúðar 0201 dags. 6. mars 2018.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.
8. **Blönduhlíð 28-30** (01.713.109) 107242 Mál nr. BN054327  
250778-3689 Sveinn Rúnar Benediktsson, Blönduhlíð 30, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypta hjóla- og bílageymslu ásamt því að steypa 30 cm háan stoðvegg meðfram lóðarmörkum að götu við hús á lóð nr. 30 við Blönduhlíð.  
Stærðir: xx ferm., xx rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda og til umsagnar reksturs- og umhirðu borgarlands.
9. **Bogahlíð 8-10** (01.714.004) 107253 Mál nr. BN054258  
550617-1100 Bogahlíð 8-10, húsfélag, Bogahlíð 10, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að setja upp svalaskýli með 90% lokun úr einföldum opnanlegum glerskífum á brautum á allar svalir og að breyta útliti glugga á austurhlíð hús á lóð nr. 8 - 10 við Bogahlíð.  
Fundagerð frá húsfunði dags. 29 nóv. 2017, umboð frá Hönnu Dís dags. 29 nóv. 2017 og samþykki fyrir framkvæmdum ódags. fylgir.  
B-rými svala í nr. 8 er 237 rúmm.  
B-rými svala í nr. 10 er 237 rúmm.  
Samtals: 474,0 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
10. **Bræðraborgarstígur 16** (01.134.221) 100347 Mál nr. BN054239  
530104-3380 Stólpar ehf., Nesbala 114, 170 Seltjarnarnes  
Sótt er um leyfi til að bæta við stiga í norðurhluta frá 1. hæð í rými 0102 upp á 2. hæð rými 0202, koma fyrir búningsaðstöðu í kjallara og breyta gluggum á norðvesturhlíð á húsi á lóð nr. 16 við Bræðraborgarstíg.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.

11. **Drápuhlíð 9** (01.702.217) 107061 Mál nr. BN054108  
 150972-3619 Elvar Örn Arason, Drápuhlíð 9, 105 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til að byggja bílskúr við fjölbýlishús á lóð nr. 9 við Drápuhlíð.  
 Erindi fylgir samþykki meðeigenda áritað á uppdrátt.  
 Stærð: 32,2 ferm., 99,3 rúmm.  
 Gjald kr. 11.000  
 Frestað.  
 Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu.  
 Vísað til uppdráttar 10-00 dags. 5. mars 2017.
12. **Ellidabraut 4-6** (04.772.301) 195949 Mál nr. BN054252  
 671106-0750 Þingvangur ehf., Bergstaðastræti 73, 101 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til að byggja fjögur sambyggð fjölbýlishús með inngörðum, 83 íbúðir á fjórum hæðum og sameiginlegum bílakjallara á lóð nr. 4-6 við Ellidabraut.  
 Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist dags. 20. febrúar 2018, greinargerð um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 20. febrúar og greinargerð um brunahönnun dags. 20. febrúar 2018.  
 Stærð, A-rými: 9.331,2 ferm., 29.036,3 rúmm.  
 B-rými: 1.324,0 ferm., 4.170,8 rúmm.  
 Gjald kr. 11.000  
 Frestað.  
 Vísað til athugasemda og til umsagnar skrifstofu umhverfisgæða / deild umhverfis- og úrgangsstjórnunar.
13. **Ellidabraut 12** (04.772.701) 204831 Mál nr. BN054250  
 660505-2100 Mótt ehf., Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur  
 Sótt er um leyfi til að byggja þrjú fjölbýlishús, fjórar hæðir með 57 íbúðum á bílakjallara fyrir 44 bíla á lóð nr. 12 við Ellidabraut.  
 Erindi fylgir greinargerð um brunahönnun frá Eflu dags. 13. febrúar 2018.  
 Stærð mhl. 01, A-rými: 2.232,2 ferm., 6.697 rúmm.  
 B-rými: 237 ferm., 693,5 rúmm.  
 Mhl. 02, A-rými: 2.181,9 ferm., 6.878,4 rúmm.  
 B-rými: 237 ferm., 693,5 rúmm.  
 Mhl. 03, A-rými: 2.232,2 ferm., 6.997 rúmm.  
 B-rými: 237 ferm., 693,5 rúmm.  
 Mhl. 04, bílgeymsla, A-rými: 1.123,4 ferm., 3.448,9 rúmm.  
 Samtals A-rými: 7.769,7 ferm., 24.321,2 rúmm.  
 B-rými: 711 ferm., 2.080,5 rúmm.  
 Gjald kr. 11.000  
 Frestað.  
 Vísað til athugasemda.
14. **Fiskislóð 31** (01.089.101) 209683 Mál nr. BN054332  
 680708-0290 Sjávarbakkinn ehf., Dalþingi 12, 203 Kópavogur  
 Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN052435 þannig að rýmum á 3. hæð eru fækkað úr 12 í 6 séreignir í húsinu á lóð nr. 31 við Fiskislóð.  
 Gjald kr. 11.000  
 Frestað.  
 Vísað til athugasemda.
15. **Fiskislóð 32** (01.087.501) 100009 Mál nr. BN054290  
 430715-0970 Línberg ehf., Tjarnargötu 28, 101 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til að rífa mhl. 01, fastanr. 200-0061 sem var byggður var utan um frysti árið 1983 á lóð nr. 32 við Fiskislóð.  
 Bréf hönnuðar vegna niðurrifs dags. 27. febrúar 2018 og skýrsla verkfræðistofunnar Eflu dags. 17. janúar 2018 fylgja erindi.  
 Niðurrif: 1.188,3 ferm., 11.257,0 rúmm.  
 Gjald kr. 11.000



Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

16. **Fiskislóð 37C** (01.086.401) 224427 Mál nr. BN054257  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að reisa hverfabækistöð, mhl. 01, sem er skrifstofur, matsalur, búningsaðstaða, verkstæði og vinnuaðstaða, og mhl. 02, sem eru yfirbyggðar þrær og aðstaða fyrir vinnuskóla, ásamt girðingu sem er 2,4 m á hæð á lóð nr. 37C við Fiskislóð. Varmatapsútreikningar dags. 16. febrúar 2018, samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóða v/girðingar fylgja erindi .  
Stærð mhl. 01 er : A rými 1280,8 ferm., 645 rúmm. B rými 18 ferm., 48,6 rúmm.  
Stærð mhl 02 er : A rými 123,8 ferm., 583,4 rúmm. B rými 184,2 ferm., 999,9 rúmm.  
Stærð samtals A rými: 1.404,6 ferm., 1.228,4 rúmm.  
B rými: 202,2 ferm., 1.048,5 rúmm.  
Stærð mhl. 03 Olíuskilja : XX ferm., 35,1 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
17. **Fiskislóð 71-73** (01.087.102) 100007 Mál nr. BN054184  
421014-1590 Opus fasteignafélag ehf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík  
640511-0870 Norðanmenn ehf, Stórhöfða 17, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja milligólf í núverandi byggingu ásamt því að byggja viðbyggingu á tveimur hæðum til vesturs og einni hæð til norðurs og klæða eldri hluta með sömu klæðningu og viðbyggingar í húsi á lóð nr. 71-73 við Fiskislóð.  
Stækkun:  
Milligólf 283,3 ferm., viðbygging 1.361,3 ferm., 5.507,8 rúmm.  
Samþykki meðlóðarhafa ritað á teikningu fylgir erindi.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
18. **Fossháls 1** (04.302.601) 111017 Mál nr. BN054162  
520795-2439 Hollt og gott ehf., Fosshálsi 1, 110 Reykjavík  
Sótt er um breytingu á erindi BN047060 vegna lokaúttektar í húsi á lóð nr. 1 við Fossháls.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
19. **Freyjubrunnur 31** (02.693.803) 205734 Mál nr. BN054299  
520515-1000 Mánalind ehf., Lágmúla 6, 108 Reykjavík  
441192-2159 HH byggingar ehf., Lágmúla 6, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN052368 þannig að opin bílskýli 0114, 0115, 0116, 0117 og göng 0118 sem eru í dag B rými verður breytt í A rými með því að loka þeim með hurðum á húsinu á lóð nr. 31 við Freyjubrunn.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
20. **Freyjugata 24** (01.186.601) 102297 Mál nr. BN053873  
710505-1440 Spur ehf, Freyjugötu 24, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að stækka svalir á suðvesturhlið, uppfæra brunamerkingar, færa til starfsmannaaðstöðu í kjallara og breyta flokkun gistiheimilis í flokk III, teg. b í húsi á lóð nr. 24 við Freyjugötu.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 15. desember 2017 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. desember 2017.  
Einnig bréf hönnuðar með skýringum dags. 6. mars 2018 og minnisblað um brunavarnir dags. 7. febrúar 2018.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

21. **Fylkisvegur 6** (04.364.101) 111277 Mál nr. BN054345  
481173-0359 Íþróttafélagið Fylkir, Fylkisvegi 6, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar tæknigeymslu, mhl.06, sem þjóna mun gervigrasvelli á lóð nr. 6 við Fylkisveg.  
Stærð: 36,0 færm., 116,3 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Lagfæra skráningu.
22. **Gnoðarvogur 44-46** (01.444.101) 105528 Mál nr. BN053798  
230673-3309 Geir Már Vilhjálmsson, Byggakur 6, 210 Garðabær  
Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki II - tegund a með sæti fyrir 15 manns í rými 0101 sem er fiskbúð í húsi á lóð nr. 44 við Gnoðarvog.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
23. **Grandagarður 11** (01.115.206) 100053 Mál nr. BN054241  
530317-0990 Reykjavík Napóli ehf., Grandagarði 11, 101 Reykjavík  
430806-0250 Grandagarður ehf., Sæviðarsundi 96, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052968 þannig að gestum fjölgar í 55, koma fyrir þremur snyrtingum á annarri hæð og til að koma fyrir hringstiga frá annarri hæð á norðurhlið húss á lóð nr. 11 við Grandagarð.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 2. mars 2018 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. mars 2018.  
Samþykki eiganda fylgir dags. 8. júní 2017 og einnig 6. mars. 2018 fylgir.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
24. **Grandagarður 16** (01.114.301) 100040 Mál nr. BN054210  
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík  
Sótt er um breytingu á erindi BN052397 sem felst í breytingu á starfsemi þar sem nú er sótt um að starfrækja matarmarkað og 9 veitingastaði í flokki II - tegund c á hluta 1. hæðar, ásamt breytingum á innra skipulagi, færslu á neyðarútgangi, fjölgun veitingarýma og breytingu á byggingarlýsingu í húsi á lóð nr. 16 við Grandagarð.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. mars 2018 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. mars 2018.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
25. **Grensásvegur 9** (01.461.101) 105665 Mál nr. BN054245  
690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að lagfæra skráningu skrifstofuhúss á lóð nr. 9 við Grensásveg.  
Stækkun: 16,9 ferm., 4.439,8 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.

26. **Grettisgata 47** (01.174.232) 101634 Mál nr. BN054145  
640517-0260 Vá bygg ehf., Góðakur 4, 210 Garðabær  
Sótt er um leyfi til að dýpka gólf í kjallara og innréttu íbúðarrými ásamt því að flytja stiga og breyta innra skipulagi í húsi á lóð nr. 47 við Grettisgötu.  
Meðfylgjandi er umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 27. febrúar 2018.  
Stækkun: 3,0 ferm. (breytt skráning), x rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
27. **Grettisgata 53B** (01.174.227) 101630 Mál nr. BN054320  
420589-1319 Sindraportið hf., Skútuvoði 8, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052081, um er að ræða breytta skráningu fasteignar þannig að allar íbúðir eru sameinaðar í eina eign á lóð nr. 53B við Grettisgötu.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.  
Skilyrt er að þinglýst verði yfirlýsingu um sameiningu eigna til að samþykktin öðlist gildi. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
28. **Gylfaflöt 2** (02.578.201) 224860 Mál nr. BN054356  
640717-0250 Gylfaflöt-2 ehf., Tunguhálsi 10, 110 Reykjavík  
Sótt er um takmarkað byggingarleyfi fyrir jarðvinnu vegna nýbyggingar á lóð nr. 2 við Gylfaflöt sbr. samþykkt byggingaráform BN054079.  
Erindi fylgir bréf með yfirlýsingu ásamt hönnunar- og verkáætlun  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.  
Samþykktin fellur úr gildi við útgáfu á endanlegu byggingarleyfi. Vegna útgáfu á takmörkuðu byggingarleyfi skal umsækjandi hafa samband við yfirverkfræðing embættis byggingarfulltrúa.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.  
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.  
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.  
Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
29. **Gylfaflöt 4** 224861 Mál nr. BN054357  
521017-0660 GF-4 ehf., Aflakór 9, 203 Kópavogur  
Sótt er um takmarkað byggingarleyfi fyrir jarðvinnu vegna nýbyggingar á lóð nr. 4 við Gylfaflöt sbr. samþykkt byggingaráform BN054080.  
Erindi fylgir bréf með yfirlýsingu ásamt hönnunar- og verkáætlun

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.

Samþykktin fellur úr gildi við útgáfu á endanlegu byggingarleyfi. Vegna útgáfu á takmörkuðu byggingarleyfi skal umsækjandi hafa samband við yfirverkfræðing embættis byggingarfulltrúa.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

30. **Gylfaglöt 10-12** (02.578.601) 224864 Mál nr. BN054293  
550305-0380 Reir ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að stækka nýlega samþykkt erindi BN05347 þannig að settur verður kjallari undir bygginguna á lóð nr. 10-12 við Gylfaglöt.  
Nýr varmatapsútreikningur dags. 27. febrúar 2018 fylgir erindi.  
Stækkun vegna kjallara er: 1.258,2 ferm., XX rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Erindið er til meðferðar hjá skipulagsfulltrúa.
31. **Hafnarstræti 5** (01.140.101) 100820 Mál nr. BN054272  
520913-0330 Vodka ehf., Vallarbarði 5, 220 Hafnarfjörður  
Sótt er um leyfi til að setja upp skilti fyrir ofan glugga á veitingastað í húsi á lóð nr. 5 við Hafnarstræti.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
32. **Hagamelur 34** (01.540.317) 106310 Mál nr. BN054243  
030379-4549 Kjartan Ingvarsson, Hagamelur 34, 107 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að endurnýja og dýpka svalir á suðurhlið fjölbýlishúss á lóð nr. 34 við Hagamel.  
Erindi fylgir samþykki eigenda 0001, 0101 og 0201 í Hagamel 34 og eigenda 0201 með fyrirvara og 0301 á Hagamel 36.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
33. **Hagatorg 1** (01.55.-.97) 106504 Mál nr. BN054298  
650893-2989 Bændahöllin ehf., Hagatorgi 1, 107 Reykjavík  
Sótt er um breytingu á erindi BN052807 sem felst í því að aðalinngangur er færður til fyrra horfs, hringhurð komið fyrir á austur hlið, nýbygging minnkuð, innra skipulagi breytt og Sunnusalur tekinn til notkunar fyrir hótelið ásamt því að þakglugga heilsuræktar er breytt og loftútkast fært, í húsi á lóð nr. 1 við Hagatorg.  
Minnkun: 72,0 ferm., 204,3 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.

34. **Haukahlíð 8** (01.629.602) 221261 Mál nr. BN054342  
610716-1480 Frostaskjól ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054053, um er að ræða breytt fyrirkomulag á 5. hæð fjölbýlishúss á lóð nr. 8 við Haukahlíð.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
35. **Haukdælabraut 1** (05.113.801) 214783 Mál nr. BN054268  
081061-2389 Kjartan Lilliendahl, Viðarás 14, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypt einbýlishús, einangrað að utan, þússað og málað með innbyggðri tvöfaldri bílgeymslu og aukaíbúð á neðri hæð á lóð nr. 1 við Haukdælabraut.  
Stærð, A-rými: 380 ferm., 1.282,5 rúmm.  
B-rými: 56,2 ferm., 144,7 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
36. **Hlíðarendi 20-26** (01.629.602) 221261 Mál nr. BN053850  
610716-1480 Frostaskjól ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir djúpgámum á lóð nr. ? við Hlíðarenda.  
Erindi fylgir umsögn skrifstofu umhverfis- og úrgangsstjórnunar dags. 22. desember 2017, skrifstofu samgöngustjóra dags. 7. febrúar 2018.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. mars 2018 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. mars 2018.  
Stærðir: A-rými x ferm., x rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Með vísan til umsagnar skrifstofu umhverfis- og úrgangsstjórnunar dags. 22. desember 2017, umsagnar samgöngustjóra dags. 7. febrúar 2018 og umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 8. mars 2018.
37. **Hlíðarendi 4** (01.629.803) 220841 Mál nr. BN054305  
670269-2569 Knattspyrnufélagið Valur, Laufásvegi Hlíðarenda, 101 Reykjavík  
661115-2110 B reitur hf., Laufásvegi Hlíðarendi, 101 Reykjavík  
